Blæs á allar kjaftasögur

Gabríela Friðriksdóttir er sá listamaður af yngri kynslóðinni sem hefur vakið hvað mesta athygli undanfarin ár, enda valin sem fulltrúi Íslands á Tvíæringnum í Feneyjum. Gabríela er líka dóttir þekkts stjórnmálamanns og eiginkona ekki minna þekkts tónlistarmanns og hefur ekki farið varhluta af slúðursögum í fámenninu. Hún blæs þó á allar kjaftasögurnar en leiðréttir nokkrar „svona í forbifarten". Annars opnaði hún sýningu í Listasafni Reykjavíkur í gær.



Kraftur Magusar er mikill *Magusinn úr tarotspilastokknum hefur haldið verndarhendi yfir Gabríelu.*


Gabríela Friðriksdóttir lítur varla upp þegar heilsað er upp á hana í Listasafni Reykjavíkur þar sem hún er að undirbúa opnun sýningar á föstudaginn, föstudaginn þrettánda nánar tiltekið, sem henni finnst sérlega skemmtilegt og vel við hæfi, enda upptekin af symbólisma hverskonar og númeralógíu. Hún er í óða önn að maka einhverju sem minnir á mold á tréfleka sem verða reistir upp til að mynda göng á sýningunni. Sýning Gabríelu, sem nú er sett upp á Íslandi, gladdi áður gesti á Tvíæringnum í Feneyjum, en Gabríela var einmitt valin til að vera fulltrúi Íslands þar í sumar.

„Viltu ekki fá þér hanska og hjálpa til?" spyr hún undan stórri skinnhúfunni, en boðið er vinsamlega afþakkað og ákveðið að hittast á kaffistofunni þegar flekinn er tilbúinn.

Hún kemur í kaffistofuna nokkru síðar með mold undir nöglunum, svolítið úfin undir húfunni en hress og snaggaraleg.

„Þetta er langstærsta prójekt sem ég hef gert hingað til, kannski ekki mælt í fermetrum en ef mælt er í sálum sem að verkefninu komu þá er þetta það," segir hún og skóflar upp í sig aspassúpu. „Þetta verður samt aðeins öðruvísi en úti enda allt öðruvísi rými. Í Feneyjum sneið ég verkið algjörlega fyrir skálann sem við sýndum í en Íslendingar hafa alltaf verið í finnska skálanum sem Alvar Alto hannaði. Sá skáli er á frábærum stað, í Giardini eða Görðunum einsog sá hluti Feneyjatvíæringsins er kallaður þar sem þjóðarskálarnir eru staðsettir. Hann er pínulítill og stendur umvafinn trjám við hliðina á ítalska skálanum sem er stærsti skálinn. Alvar Aalto-skálinn lítur út eins og gámur að utan, blár með hvítum þríhyrningum en ég hef bara aldrei verið gefin fyrir þríhyrninga eða bláan lit. Að innan er skálinn þó mjög flókinn," segir Gabríela og sýnir mér mynd af skálanum á tölvunni sinni.

„Það sem á sér stað milli barþjóns og viðskiptavinar er bara þeirra einkamál."



Daníel, Daníela og Gabríela *Fjölskyldan er flutt heim frá Brussel þar sem hjónin voru með vinnustofur í þrjú ár og Daníela gekk í franskan kaþólskan skóla.*


Trjágreinar fluttar milli landa

„Við bjuggum til gerviframhlið úr trjágreinum sem ég tíndi ásamt fleirum í garðinum þar sem ég var með vinnustofu í Brussel. Framhliðin varð að vera forsmekkurinn að því sem biði fyrir innan, svo við hengdum upp hátalara á framhliðina og í trén í kring og úr þeim seitlaði músík úr myndböndunum sem voru í gangi inni. Það var eins og vindurinn bæri tónlistina um sem var mjög skemmtilegt og mystískt."

Verk Gabríelu heitir Versations/Tetralogia og samanstendur af fjórum myndböndum, sem hún gerði í samvinnu við Björk Guðmundsdóttur, Daníel Ágúst Haraldsson, Ernu Ómarsdóttur og Sigurð Guðjónsson, en hún fékk tónlistarmennina Daníel Ágúst, Borgar Þór Magnason, Jónas Sen og Aurelie Charneux til að semja tónverk sem hún improvíseraði en Daníel Ágúst sá um upptökur og hljóðblöndun á tónlistinni og einnig um klippingar á myndböndunum. Myndbands- og tónverkin eru síðan klippt saman og mynda Tetralógíu, sem í heild sinni verður kvartett þó að hvert myndband standi eitt og sér. Auk þess voru uppi í sýningarskálanum veggverk, málverk, smástyttur og skúlptúr.

Alltaf verið forn

Hljómar svolítið flókið en Gabríelu finnst það ekki enda lífið sjálft sem knýr hana áfram. „Maður er alltaf að reyna að finna út hver maður er og hvert maður er að fara. Þessi sýning spannar tímabilið frá 1997 þegar ég, þá nýútskrifuð úr Myndlista- og handíðaskólanum, var með einkasýningu í Gallerý 20m2, á tuttugu fermetrum og var að díla við hugmyndir um hvernig maðurinn hugsar. Þá rakst ég líka á spil sem er nokkurs konar hliðstæða Fíflsins í tarotspilastokknum, spil sem heitir Sá nafnlausi. Ég var að virða fyrir mér þessa symbólísku ramma sem segja



Fjölskyldan *Uppáhaldsmynd listakonunnar af fjölskyldunni, en myndina teiknaði Egill Sæbjörnsson myndlistarmaður árið 1999.*

„Ég er hálf vandræðalegur fræðimaður, byrja oft í miðjunni og er sennilega hálfgerður krulluheili. Ég verð bara að koma með myndræna niðurstöðu úr öllum pælingunum."